

SIÐAREGLUR KJÖRINNA FULLTRÚA HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

1. gr.

Markmið.

Markmið þessara reglna er að skilgreina það hátterni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Hafnarfjarðarbæjar, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Hafnarfjarðarbæjar.

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart bæjarbúum í heild sinni og svara fyrirspurnum almennings um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar.

3. gr.

Valdmörk.

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Hafnarfjarðarbæjar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar virðingu.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar.

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Hafnarfjarðarbæ lýkur.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

5. gr.

Gjafir og fríðindi.

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim er leita eftir þjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

6. gr.

Trúnaður

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls.

Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Hafnarfjarðarbæjar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggji hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

7. gr.

Að virða hlutverk starfsmanna

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörna fulltrúanum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

8. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

9. gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki bæjarins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu bæjarins og annan þann hátt sem bæjarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Siðareglur þessar skulu teknar til umræðu í bæjarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 19. maí 2010